

Ed.

98. Nefndarálit

[65. mál]

um frv. til l. um verðlagsuppbót á laun og um vísitölu framfærslukostnaðar.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Í frumv. er lagt til, að eftir 1. des. n. k. verði hætt að reikna út kaupgjalds-vísitölu og ákvæði um vísitölubætur umfram það, sem ákveðið verður 1. des., úr lögum felld.

Það er skoðun minni hlutans, að þessi breyting leiði til:

1. Ófriðar á vinnumarkaði, sem sé báðum aðilum hans skaðlegur og þjóðinni hættulegur.
2. Að aðhald stjórnarvalda og atvinnurekenda verði stórum minna en verið hefur. Minni hl. flytur á sérstöku þingskjali tvær brtt. Nái þær ekki samþykki, munum við undirritaðir greiða atkv. gegn frumvarpinu.

Alþingi, 28. nóv. 1967.

Bjarni Guðbjörnsson,
frsm.

Björn Jónsson.

Einar Ágústsson.